

Dags eftirlits	3.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6406750209	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sædís Alexía Sigurmundsdóttir	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða flokkun og losun úrgangs. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur verið ráðist í úrbætur og telst frávikunum lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi Elkem á grundvelli 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Innri mælingar
- BAT greining
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Rekstraraðili fór yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Raforkuskerðingar voru um áramótin 2024/2025 og ofn 2 því tekinn úr rekstri þann 4. janúar 2025. Í kjölfarið fór fram viðhaldsvinna á ofninum og hann tekinn aftur í rekstur í maí. Kynningafundur var haldinn í byrjun júní og samráðsfundur er áætlaður á haustmánuðum.

Gildistími starfsleyfis Elkem var til 1. september 2025 en gildistími þess var framlengdur um eitt ár, eða til 1. september 2026, meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, sbr. 4. tl. 6. gr. laga nr. 7/1998. Samhliða starfsleyfisvinnslunni mun stofnunin taka til endurskoðunar umhverfisvöktunaráætlun fyrir Grundartanga.

Farið var yfir innri mælingar og voru niðurstöður allar innan marka starfsleyfisins.

Samhliða starfsleyfisvinnslu hefur rekstraraðili unnið að greiningu á hvernig starfsemin uppfyllir niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT), sbr. gr. 1.3 í starfsleyfi.

Þann 23. júní 2023 var setti stofnunin frávik frá gr. 1.3 í starfsleyfi sem kveður á um að rekstraraðila beri að nota bestu aðgengilegu tækni við mengunarvarnir. Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun sem var samþykkt þann 10. júní 2024. Fram kom í eftirliti nú að rekstraraðili getur ekki að öllu leyti uppfyllt þann tímaramma sem settur var í upphaflegri úrbótaáætlun og vinnur nú að uppfærslu áætlunarinnar sem stofnunin mun taka til skoðunar.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila sem og í flæðigryfjur. Tvö frávik komu fram við eftirlit í flæðigryfjur er varða flokkun og losun úrgangs. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila sem bárust stofnuninni í kjölfar eftirlits hefur verið ráðist í úrbætur og telst frávikunum lokið.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 2.19 í starfsleyfi

Rekstraraðila er heimilt að farga framleiðsluúrgangi í flæðigryfjur. Brotamálmur var í flæðigryfju rekstraraðila og telst það ekki framleiðsluúrgangur.

gr. 2.20 í starfsleyfi

Allan framleiðsluúrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á móttökustöð fyrir úrgang. Brotamálmur var settur í flæðigryfju en ekki fluttur á

ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið fyrir hönd Umhverfis- og orkustofnunar Kjartan Guðmundsson.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2025



Sigríður Magnúsdóttir